



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FRÓÐLEGIR FUNDIR UM FRÍÐARHORFUR Í MIÐ-AUSTURLÖNDUM

FORSETI HITTIR SHIMON PERES OG MAHMOUD ABBAS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti í gær, miðvikudaginn 3. september, fróðlega fundi með Shimon Peres forseta Ísraels og Mahmoud Abbas forseta Palestínustjórnarinnar. Á fundunum var fjallað um friðarhorfur í Mið-Austurlöndum, samningaviðræður undanfarna mánuði og hvernig sagan sýnir að smá ríki geti stuðlað að sáttargjörð og friðarsamningum.

Fundurinn með Shimon Peres var í gærmorgun í forsetahöllinni í Jerúsalem en síðdegis fór forseti Íslands til Ramallah, höfuðborgar Palestínusvæðanna, og hitti Mahmoud Abbas í höfuðstöðvum heimastjórnarinnar. Það er í fyrsta sinn sem forseti Íslands kemur til heimastjórnarsvæða Palestínumanna.

Á fundi forseta Íslands og Shimon Peres forseta Ísraels var fyrst fjallað um árangur Íslands í viðskiptum á alþjóðavettvangi og horfurnar í efnahagsmálum þjóðarinnar, aukið samstarf Íslendinga við ríki í Mið-Austurlöndum, heimsóknir forseta Íslands til Abu Dhabi og Katars fyrr á þessu ári og framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Shimon Peres ræddi ítarlega um friðarhorfur í Mið-Austurlöndum og lýsti helstu áttakáttum sem einkennt hafa deilur Ísraels og Arabaríkja á umliðnum áratugum.

Fáir leiðtogar í Mið-Austurlöndum hafa jafnlanga reynslu og Shimon Peres af glímuni við ófrið og átök og tilraunum til að ná varanlegum friði, enda hlaut hann friðarverðlaun Nóbels árið 1994. Á fundinum með forseta Íslands lýsti Peres því ítarlega að nú hefði hann komist að þeirri niðurstöðu að aukin viðskipti, umsvif fyrirtækja, fjárfestingar, menntun og nútímaleg atvinnutækifæri æskufólks myndu skila meiri árangri en viðræður ríkisstjórna.

Í nýrri bók sem kemur út í haust myndi hann gera grein fyrir þessari nýju stefnu. Bókin ber heitið *Einkavæðing friðarins* (Privatizing Peace). Aukin umsvif í atvinnulífi og viðskiptum milli þjóða í Mið-Austurlöndum væri árangursríkasta leiðin

til friðar ásamt því að skapa nýjum kynslóðum tækifæri til menntunar og hátæknistarfa. Án þess að fara slíka nýja leið til friðar væru litlar horfur á að takast myndi að skapa grundvöll að varanlegum friði í þessum heimshluta.

Mahmoud Abbas forseti heimastjórnar Palestínumanna bauð Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands að koma til fundar við sig í höfuðstöðvum heimastjórnarinnar í Ramallah á Vesturbakkanum. Á fundi þeirra lýsti Abbas mikilli ánægju með heimsókn sína til Íslands í vor og fagnaði aukinni samvinnu Íslendinga við Palestínumenn. Hann bauð forseta Íslands að koma innan tíðar í nokkurra daga heimsókn til heimastjórnarsvæða Palestínumanna til að kynna sér aðstæður, viðhorf íbúanna og sögufræga staði kristninnar.

Abbas fjallaði síðan ítarlega um friðarviðræðurnar sem fram hafa farið undanfarna mánuði. Enda þótt stjórn málaástandið í Ísrael og kjör á nýjum forsætisráðherra þar kynni að hefja gang mála taldi Abbas að verulegur árangur hefði nú þegar náðst í mörgum málaflokkum. Skapast hefði grundvöllur sem hægt væri að byggja á og gæti leitt til formlegra friðarsamninga.

Mikilvægt væri að nota næstu mánuði vel og hvorki kosning á nýjum forsætisráðherra í Ísrael né nýjum forseta Bandaríkjanna mætti koma í veg fyrir að tækifærin sem nú hefðu skapast yrðu nýtt til fullnustu.

Einnig ræddu forseti Íslands og Abbas um framlag smárra þjóða til friðarviðræðna og jákvæðrar þróunar í alþjóðamálum. Samningarnir í Ósló á sínum tíma, nýlegir samningar sem gerðir voru í Katar um frið í Líbanon og fundur Reagans og Gorbasjevs í Reykjavík væru allt lærdómsrík söguleg dæmi. Palestínumenn hefðu mikinn áhuga á að nýta sér framlag smárra þjóða sem vildu stuðla að friði.

Fund forseta Íslands og Mahmoud Abbas sat einnig Þórður Ægír Óskarsson sendiherra, sérlegur fulltrúi Íslands gagnvart heimastjórn Palestínu.

4. september 2008

Myndir frá heimsókn forseta til Ísraels og Palestínu má nálgast hjá Árna Sigurjónssyni skrifstofustjóra (820 4946). Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).